

## Ályktun um forvarnir gegn krabbameini í ristli og endaparmi.

Hér á landi greinast á hverju ári um 120 einstaklingar með krabbamein í ristli og endaparmi. Meðalaldur þeirra er um 70 ár og nær helmingur þeirra deyr innan 5 ára af völdum sjúkdómsins. Um það bil 90 þeirra fara í aðgerð í þeim tilgangi að lækna sjúkdóminn en 30 hafa meinvörp og ólæknandi sjúkdóm og er þá öðrum meðferðarúrræðum beitt. Í árslok 2004 voru á lífi 775 einstaklingar, sem höfðu greinst með krabbamein í ristli og endaparmi. Talið er að beinn kostnaður vegna þessa krabbameins á Íslandi sé a.m.k. 500 milljónir króna á ári. Vegna tilkomu nýrra lyfja hefur lifun sjúklinga með ólæknandi ristilkrabbamein aukist mikið. Kostnaður við þá meðferð er hins vegar gríðarlegur og stendur samfélagið nú frammi fyrir þeim vanda að ákveða hversu dýr sú meðferð má vera. Framtíðarspár um fjölda sjúklinga með krabbamein í ristli og endaparmi segja að það verði 166 ný tilfelli árið 2020. Meðferðarkostnaðurinn á því eftir að aukast verulega í framtíðinni.


Það er mikilvægt að greina sjúkdóminn strax á forstigum til þess að koma í veg fyrir þjáningu og ótímabær dauðsföll. Það hefur verið staðfest í þrem stórum rannsóknum að skimun með leit að blóði í hægðum og ristilspeglun á þeim sem eru jákvæðir lækkar dánartíðni af völdum krabbameins í ristli og endaparmi um 20%.


Fræðilega er hægt að koma í veg fyrir myndun 80% af krabbameinum í ristli og endaparmi vegna þess að þessi æxli hafa forstig, sem eru góðkynja separ eða kirtilæxli í ristlinum. Sepana er hægt að fjarlægja með ristilspeglun. Það hefur engin framsýn rannsókn verið gerð, sem sýnir gildi ristilspeglunar sem skimunaraðferðar. Það er brýnt að slík rannsókn sé gerð. Ef nýgengi krabbameins í ristli og endaparmi lækkaði um 80% þá yrðu 24 tilfelli af krabbameininu á ári á Íslandi borið saman við 120 við óbreytt ástand. Jafnvel þó að árangurinn yrði aðeins 40% lækkun á nýgengi þá væri það mikill árangur í baráttunni við eitt af algengari krabbameinum meðal Íslendinga.


Hópur vísindamanna á Norðurlöndum, sem kallar sig NordICC (Nordic Initiative on Colorectal Cancer) hefur lagt fram hugmynd um framsýna slembirannsókn til að rannsaka hvaða gildi ristilspeglun hefur sem skimunaraðferð. Ráðgert er að 4000 Íslendingar taki þátt í þessari áhugaverðu vísindarannsókn.


Undirritaðir eru sammála um eftirfarandi:


1. Að strax verði hafin skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi með leit að blóði í hægðum, sem er eina aðferðin er sannað hefur gildi sitt til að lækka dánartíðni vegna þessa krabbameins.
2. Að lýsa yfir stuðningi við framkvæmd á framsýnni slembirannsókn, sem NordICC hópurinn hefur undirbúið til að öðlast vitneskju um hvaða gildi ristilspeglun hefur sem skimunaraðferð fyrir krabbameini í ristli og endaparmi.


Krabbameinsfélag Íslands  
  
Sigurður Björnsson, formaður

Landlækniseignabættið  
  
Matthías Halldórsson, landlæknir

Lýðheilsustöð  
  
Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri

Félag meltingarlækna  
  
Sigurjón Vilbergsson, formaður

Félag krabbameinslækna  
  
Óskar Þór Jóhannesson, formaður

Skurðlæknafélagið  
  
Tómas Guðbjartsson, formaður